


FERÐAMÁLARAÐ ÍSL.

nu

STEFNUMÓTUN FERÐAÞJÓNUSTU  
Í SKAFTÁRHREPPI



Páll Ragnarsson

SKAFTÁRHREPPUR

- 1996 -



## Stefnumótun ferðaðjónustu í Skaftárhreppi

### Efnisyfirlit:

	Bls.
I. Inngangur .....	4
Þátttakendalisti .....	5
II. Ferðaðjónusta í Skaftárhreppi í árslok 1995 .....	6
1. Staða ferðaðjónustunnar .....	6
2. Áherslusviðin sjö úr fyrri stefnu .....	7
3. Tölulegar upplýsingar .....	9
4. Nánari greining á stöðu ferðaðjónustunnar .....	11
Styrkleikar	
Veikleikar	
Ógnanir	
Tækifæri	
III. Markmið stefnumótunarinnar .....	13
IV. Stefna í ferðaðjónustu í Skaftárhreppi til aldamóta .....	14
V. Markmið og framkvæmdaáætlanir .....	15
1. Markaðssetning .....	15
1.1. Markhópar	
1.2. Kynningarbæklingur	
1.3. Skyggnumyndaflokkur	
1.4. Hönnun minjagripa	
1.5. Þátttaka í sýningum og kaupstefnum	
1.6. Fjölmiðlakynning	
1.7. Kynning erlendis	
Framkvæmdaáætlun fyrir markaðssetningu	
Verk- og tímaáætlun fyrir markaðssetningu	
2. Samgöngur .....	17
2.1. Almenningsamgöngur	
2.2. Umhverfisvænn ferðamáti	
2.3. Mengun og óþægindi vegna bílaumferðar	
2.4. Fjöru- og fjallaslóðar	
2.5. Flugvöllurinn	
2.6. Tengivegir	
Framkvæmdaáætlun fyrir samgöngur	
Verk- og tímaáætlun fyrir samgöngur	
3. Samstarf .....	19
3.1. Samstarf milli heimamanna	
3.2. Samstarf í austurhluta Suðurlands	
3.3. Samstarf í Ferðamálasamtökum Suðurlands	
3.4. Samstarf í Ferðamálasamtökum Íslands	
3.5. Samvinna við Útivist	
3.6. Samvinna við Fræðslustofuna Kríuna	
3.7. Samvinna við ýmsa ferðaðjónustuaðila	
3.8. Samvinna við orlofshúsaeigendur	
Framkvæmdaáætlun fyrir samstarf	
Verk- og tímaáætlun fyrir samstarf	

4. Þjónusta .....	20
4.1. Upplýsingaþjónusta	
4.2. Opnunartími þjónustufyrirtækja	
4.3. Þjónusta í og við fjallaskála	
4.4. Bakarí - gallerí - kaffihús á Kirkjubæjarklaustri	
4.5. Kyrrðarstund í bókasafni	
4.6. Minjagripasala	
Framkvæmdaáætlun fyrir þjónustu	
Verk- og tímaáætlun fyrir þjónustu	
5. Gisti- og veitingaþjónusta .....	21
5.1. Tjaldsvæði	
5.2. Farfuglaheimili eða sambærileg gistiþjónusta	
5.3. Svefnpokagisting	
5.4. Leyfi til að selja gistingu	
6. Fræðsla .....	22
6.1. Umhverfis- og náttúruverndarstefna	
6.2. Náttúrufar og þjóðhættir	
6.3. Staðkunnugir heimamenn	
6.4. Leiðsögumannanámskeið	
6.5. Þjónustunámskeið	
6.6. Önnur námskeið	
Framkvæmdaáætlun fyrir fræðslu í ferðaþjónustu	
Verk- og tímaáætlun fyrir fræðslu í ferðaþjónustu	
7. Afþreying .....	23
7.1. Skipulagðar ferðir með leiðsögn	
7.2. Uppákomur	
7.3. Gönguferðir	
7.4. Vetrarferðir	
7.5. Sundlaug	
7.6. Hestaleigur / hestaferðir	
7.7. veiði	
7.8. Reiðhjólaleiga	
7.9. Bátaleiga	
7.10. Leik- og íþróttaaðstaða	
7.11. Sögustundir	
7.12. Sögu- og munasafn / sýningar	
7.13. Rannsókn fornminja	
7.14. Kammertónleikar	
7.15. Kvölddagskrá fyrir ferðamenn	
7.16. Tónlist í kirkjunni í hádeginu	
7.17. Listsýningar í Skaftárskála	
7.18. Árshátíðir fyrirtækja og félaga. Ættarmót	
7.19. Kristnitökuafmælið	
7.20. Aldamótin	
7.21. Göngur og réttir	
Framkvæmdaáætlun fyrir afþreyingu	
Verk- og tímaáætlun fyrir afþreyingu	

8. Merkingar .....	26
8.1. Merking gönguleiða	
8.2. Merking fjallvega	
8.3. Merking húsa, gatna og þjónustufyrirtækja	
8.4. Merking örnefna	
8.5. Merkingar Þjóðminjasafns	
8.6. Útsýnisskifur	
Framkvæmdaáætlun fyrir merkingar	
Verk- og tímaáætlun fyrir merkingar	
9. Skipulag .....	27
9.1. Aðalskipulag	
10. Landslags- og náttúruvernd .....	27
10.1. Náttúrulegt umhverfi	
10.2. Burðarþol svæða	
10.3. Dýralíf	
10.4. Gróðurlendi	
10.5. Landvarsla	
10.6. Mannvirkjagerð	
10.7. Umgengni	
Framkvæmdaáætlun fyrir landslags- og náttúruvernd	
Verk- og tímaáætlun fyrir landslags- og náttúruvernd	
11. Orkumál .....	28
11.1. Orkusparnaður	
11.2. Raforkuverð	
Framkvæmdaáætlun fyrir orkumál	
Verk- og tímaáætlun fyrir orkumál	
12. Úrgangs- og fráveitumál .....	29
12.1. Fráveita	
12.2. Sorpförgun	
Framkvæmdaáætlun fyrir úrgangs- og fráveitumál	
Verk- og tímaáætlun fyrir úrgangs- og fráveitumál	
13. Notkun umbúða og rekstrarvara .....	30
13.1. Heimaunnar vörur	
13.2. Hreinlætis- og ræstivörur	
13.3. Umbúðir	
13.4. Pappír	
Framkvæmdaáætlun vegna notkunar umbúða- og ræstivara	
Verk- og tímaáætlun vegna notkunar umbúða- og ræstivara	
14. Hreinlætis- og hollustuhættir .....	31
14.1. Matvæli	
14.2. Neysluvatn	
14.3. Reyklaussvæði	
Framkvæmdaáætlun vegna heilbrigðis- og hollustuhátta	
Verk- og tímaáætlun vegna heilbrigðis- og hollustuhátta	
VI. Niðurstöður og samantekt .....	32

## *I. Inngangur*

Í Stefnumótun í Skaftárhreppi sem kom út árið 1992 var sett upp sem aðalmarkmið “að fjölga arðbærum ársverkum í sveitarfélaginu umfram fjölgun á landsmælikvarða”. Mögulegar leiðir að markmiðunum voru taldar “t.d. aukin þjónusta, aukin afþreying, aukin markaðssetning, breytt verðlag og bætтар samgöngur” (bls 9). Vegna þess að ekki eru til tölur um hve mörg ársverk voru unnin í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi 1991 er erfitt að gera sér grein fyrir hvort aukning hafi orðið, en hitt er víst að þjónusta hefur verið aukin á ýmsum sviðum, ýmiss konar afþreyingu hefur verið komið á, markaðssetning hefur verið aukin og samgöngur bætтар. Það var því orðið tímabært að endurskoða stefnuna.

Ferðaþjónustufólk í hreppnum telur að stefnumótunin hafi orðið að miklu gagni við þróun ferðaþjónustu í hreppnum. Unnið var markvisst eftir henni og má segja að mesta viðurkenningin á því að starfi hafi verið að Skaftárhreppur var tilnefndur fyrir Íslands hönd til Evrópskra umhverfisverðlauna ferðaþjónustunnar sumarið 1995.

Vorið 1995 var ákveðið að ráða ferðamálafulltrúa til starfa við sérstakt verkefni í ferðamálaum í Skaftárhreppi. Byggðastofnun og Framleiðnisjóður landbúnaðarins veittu styrk til verkefnisins. Eitt aðalverkefni ferðamálafulltrúans er að hafa umsjón með endurskoðun stefnu í ferðamálaum. Hreppsnefnd ákvað að skipa þriggja manna verkefnisstjórn þar sem hreppsnefndin ætti einn fulltrúa sem jafnframt er formaður, atvinnu- og ferðamálanefnd einn og Ferðamálafélag Skaftárhrepps þann þriðja. Atvinnu- og ferðamálanefnd og verkefnisstjórnin höfðu umsjón með endurskoðun stefnumótunarinnar.

Öllum hreppsþúum var gefinn kostur á að taka þátt í stefnumótuninni. Sent var út fundarboð inn á öll heimili í hreppnum, en fljótlega myndaðist u.þ.b. 16 manna hópur sem mætti á flesta fundi. Haldnir voru sjö vinnufundir, sá fyrsti um miðjan desember 1995 og sá síðasti 13. mars 1996.

Öflun upplýsinga fyrir stefnumótunina '92 var með tvennu móti, annars vegar var sendur spurningalisti til hagsmunaaðila í ferðaþjónustu í hreppnum og hins vegar var gerð skoðunarkönnun meðal ferðamanna sem komu í hreppinn. Að þessu sinni var stuðst við fyrri upplýsingar og nýtt þekking og reynsla þeirra sem tóku þátt í vinnunni til að vega og meta stöðu ferðaþjónustunnar í hreppnum. Rammi um verkið var ákveðinn með hliðsjón af fyrri stefnu en bætt við nýjum hugmyndum sem einkum lúta að umhverfismálum. Hugmyndum að nýjungum var safnað saman og þær fyrst ræddar í litlum hópum, en síðan kynntar öllum hópnum. Með þessu móti náðist fram niðurstaða sem byggist á áliti breiðs hóps áhugasams fólks.

*Kirkjubæjarklaustri, í maí 1996*

*Jóhanna B. Magnisdóttir*

*ferðamálafulltrúi*

*Dáttakendur í vinnu við endurskoðun stefnu í ferðamálum í Skaftárhreppi  
des. '95 - mars '96:*

1. Árni Jón Eliasson, Kirkjubæjarklaustri
2. Bjarni Matthíasson, Kirkjubæjarklaustri
3. Bryndís Guðgeirsdóttir, Kirkjubæjarklaustri
4. Erla Ívarsdóttir, Geirlandi
5. Erlendur Björnsson, Seglbúðum
6. Guðjón Bergsson, Hamrafossi
7. Guðmundur Óli Sigurgeirsson, Kirkjubæjarklaustri
8. Guðrún Þorkelsdóttir, Seglbúðum
9. Hanna Hjartardóttir, Kirkjubæjarklaustri
10. Hannes Jónsson, Hvoli
11. Hörður Davíðsson, Efri - Vík
12. Jóhanna B. Magnúsdóttir, Kirkjubæjarklaustri
13. Jón Helgason, Seglbúðum
14. Karl Rafnsson, Kirkjubæjarklaustri
15. Magnús Þorfinnsson Hæðargarði
16. Ólafía Jakobsdóttir, Hörgslandi
17. Ólöf Benediktsdóttir, Kirkjubæ 2
18. Salóme Ragnarsdóttir, Efri - Vík
19. Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti
20. Trausti Fannar Valsson, Úthlíð
21. Valur Oddsteinsson, Úthlíð
22. Þorsteinn Gíslason, Nýjabæ

## **II. Ferðabjónusta í Skaftárhreppi í árslok 1995**

Í kaflanum verður fjallað um hvaða árangur hefur náðst miðað við stöðu ferðabjónustunnar þegar byrjað var á stefnumótun 1992 og hver staðan er nú. Settar eru fram nokkrar tölulegar upplýsingar sem hægt er að hafa til viðmiðunar seinna meir. Að lokum er síðan sett fram "SVÓT" greining ferðabjónustunnar í Skaftárhreppi eins og hún er í byrjun árs 1996.

### **1. Staða ferðabjónustu í Skaftárhreppi í árslok 1995**

Óhætt er að segja að ferðabjónusta í Skaftárhreppi standi með nokkrum blóma. Stöðug þróun hefur verið í gangi og enn er fullur hugur í hreppsþúum að þróa hana áfram. Stefnuninni frá 1992 hefur verið fylgt í öllum aðalatriðum og árangur náðst.

Árið 1992 var Ferðamálafélag Skaftárhrepps stofnað. Félagar þess eru bæði hagsmunaaðilar í ferðabjónustu og áhugafólk. Félagið hefur starfað að krafti síðan.

Vandaður kynninga- og upplýsingabæklingur var fyrst útgefinn 1992 og endurútgefinn á hverju ári síðan. Ferðamálafélagið hefur látið gera 50 mynda skyggnuflokk sem notaður verður til kynningar á svæðinu á ýmsum vettvangi.

Kirkjubæjarklaustur er miðstöð ferðamanna með fjölbreytta þjónustu þó hana megi enn bæta. Framboð af ferðum út frá Kirkjubæjarklaustri hefur aukist. Yfir sumartímann eru daglegar ferðir inn í Núpsstaðaskóg og inn á Lakasvæði. Einnig er boðið upp á ferðir á Skálafellsjökul með viðkomu í Skaftafelli og Jökulsárlóni og í Landmannalaugar með viðkomu í Eldgjá. Áætlunarferðir eru daglega yfir sumartímann til og frá Reykjavík og Höfn, en bæta þyrftu þjónustuna yfir vetrarmánuðina. Ýmsir möguleikar eru til að auka fjölbreyttni ferðatilboða, s.s. með lengri gönguferðum, ferðum inná afréttina o.fl.

Handverkshópur er starfandi og hefur selt gripi sína á útimörkuðum og í andyri hótelsins á sumrin.

Skipulagning veiða hefur ekki breyst. Umgengni gæsaveiðimanna á afréttunum er ekki nógu góð og talin er þörf á að hafa þjónustu og gæslu á afréttunum yfir sumarið og haustið. Hafa þarf eftirlit með að ekki sé ekið utan vega, að vel sé gengið um gangnamannahúsin og að veita fræðslu og upplýsingar um svæðið.

Á Kirkjubæ 2 hefur verið opnað gott tjaldsvæði. Staðsetning þess hefur þann kost að vera nálægt verslunum og annarri þjónustu. Með tilkomu þess hafa tjaldgestir því val á milli þess að vera afsíðis á Kleifum eða í nálægð við þjónustuna á Kirkjubæ. Nokkur umræða hefur verið um hvort eðlilegt sé að sveitarfélagið reki tjaldsvæðið á Kleifum í samkeppni við einkarekstur. Niðurstaðan þeirrar umræðu er að ekki skuli breyta rekstrarforminu að svo stöddu. Upplýsingaþjónustan hefur verið fjármögnuð að mestu leyti með innkomu af tjaldsvæðinu á Kleifum og því þyrftu ferðabjónustuaðilar trúlega að taka á sig kostnað við breytinguna. Ákveðið hefur verið að skoða þessa hluti betur því dýrmætur friður hefu ríkt um reksturinn og rétt að hugsa málið vandlega áður en ákveðið er að breyta til.

Ýmsir möguleikar eru á uppbyggingu hvers konar afþreyingu og menningarviðburða fyrir ferðamenn. Við slíka uppbyggingu verður haft að markmiði að sumargestum líki enn betur dvölin á svæðinu, að ferðamenn sjái að þeir eigi erindi í Skaftárhrepp utan háannatímans og að uppbyggingin sé arðbær. Aðsókn að Kammertonleikunum eykst ár frá ári og páskadagskrá hefur verið í þróun.

Nú hafa verið merktar þrjár gönguleiðir í nágrenni Kirkjubæjarklausturs: í fyrsta lagi suður frá Hæðargarðsvatni um Landbrotshóla, í öðru lagi upp að Systravatni, norður með brúnum og niður hjá Kleifum og í þriðja lagi upp á brúnir hjá Systrastapa og vestur að Hunkubökkum. Til er áætlun um merkingu fleiri gönguleiða.

## 2. Áherslusviðin sjö úr fyrri stefnumótun

Í fyrri stefnumótun voru ákveðin sjö áherslusvið sem nauðsynlegast væri að vinna að. Þau voru: markaðsetning, samgöngur, tjaldsvæði, þjónusta, afþreying, merkingar og samstarf (bls 23-27). Hér er tiundað hver staðan er á hverju sviði fyrir sig.

- **Markaðssetning;** Árið 1992 var gefinn út vandaður **kynningarbæklingur** um Skaftárhrepp og endurútgefinn á hverju ári síðan. Á annarri hlið hans eru upplýsingar um þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er í hreppnum, ásamt fróðleik um svæðið en á hinni hlið er kort yfir hreppinn allan. Aður höfðu aðrir bæklingar verið gefnir út og þjónustubæklingur hefur verið gefinn út á vorin fyrir Perlusýningarnar, auk bæklinga fyrir einstaka þjónustu.

Hugmyndin um myndbandagerð hefur þróast í það að nú er verið að vinna **skyggnumyndflokk** sem mun verða tilbúinn innan tíðar. Ástæðan fyrir þessari breytingu er m.a. sú að talið var að myndband yrði fljótt úrelt í heild sinni en auðveldara væri að endurnýja skyggnumyndaflokk með því að skjóta inn nýjum myndum.

Stofnaður hefur verið **handverkshópur** og tvö námskeið hafa verið haldin í gerð minjagripa. Munir frá þeim hafa verið til sölu á hótelinu og á útmarkaði á sumrin.

Kynningu hefur verið beint að ákveðnum **markhópum**. Aðstæður til að bjóða upp á pakkaferðir hafa breyst með tilkomu alferðalaga, nú mega aðeins ferðaskrifstofur bjóða upp á þær.

Tekið hefur verið þátt í **ferðasýningum** í Perlunni í Reykjavík síðast liðin tvö ár. Mjög erfitt er að meta árangur af þeirri kynningu, en þarna næst til Íslendinga og hægt að hvetja þá til ferðalaga um eigið land.

- **Samgöngur;** Samgöngur hafa batnað m.a. með tilkomu brúar á Kúðafljót og bundins slitlags á Þjóðvegi 1. Áætlunarferðir eru daglega til og frá Reykjavík og einnig til og frá Höfn yfir sumarmánuðina. Einnig eru ferðir um Fjallabaksleið um Eldgjá til Landmannalauga og þaðan til Reykjavíkur, einnig sömu leið frá Reykjavík um Landmannalaugar að Kirkjubæjarklaustri. Fjallaslóðar hafa verið lagfærðir þó ekki eins og þyrfti, fjöruslóðar eru óbreyttir. Nýting flugvallar fyrir ferðamenn er enn mjög lítil.
- **Tjaldsvæði;** Aðstaða á tjaldsvæðinu á Kleifum hefur verið bætt og komið er nýtt tjaldsvæði á Kirkjubæ 2 með góðri aðstöðu og staðsetningu nálægt annarri þjónustu á Kirkjubæjarklaustri.
- **Þjónusta;** Skyndibitastaður hefur verið opnaður í Skaftárskála og í skólahúsnaði á vegum Hótel Eddu. Opnunartími þjónustufyrirtækja hefur breyst til batnaðar þó vantar enn sjálfsala við bensínsöluna og hraðbanka. Þjónusta í og við fjallaskála er enn mjög takmörkuð nema í Hólaskjólum við Lambaskarðshóla, þar er landvarsla yfir sumarmánuðina.
- **Afþreying;** Daglegar ferðir eru nú í Núpsstaðaskóga og Lakagiga yfir sumarið. Einnig er boðið upp á ferðir á Skálafellsjökul með viðkomu í Skaftafelli og Jökulsárlóni og í Landmannalaugar með viðkomu í Eldgjá. Ferðamálafélagið



býður upp á stuttar gönguferðir með leiðsögn, sögustundir o.fl. Tvær hestaleigur eru nú í hreppnum, á Fossi og Hunkubökkum. Stangveiði hefur verið efld með því að búa til lón við Nýjabæ og á Ytri - Dalbæ. Golfvöllur er nú á Efri - Vik. Að öðru leyti hefur íþróttaaðstaða lítið breyst. Ekki hefur verið sett upp hjólaleiga, né heldur minigolf, en bátaleiga er á Hæðargarðsvatni.

- **Merkingar;** Allir bæir í hreppnum eru nú merktir, einnig vegir og götur á Kirkjubæjarklaustri. Þrjár gönguleiðir hafa verið merktar og til áætlun um að merkja fleiri. Lítið hefur verið gert í því að merkja örnefni.
- **Samstarf.** Formlegu samstarfi um ferðamál í Skaftárhreppi er þannig háttað: **Ferðamálafélag Skaftárhrepps:** Stofnað 1992 Frjálst félag áhugamanna og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. Samvinna, samstaða, hagsmunagæsla, fræðsla, sjálfstæð verkefni. Getur þrýst á hreppsnefnd og haft áhrif á hana til góðra verka. Bryddað upp á nýjungum í ferðamálum og komið þeim til hreppsnefndar eða verkefnisstjórnar eftir því sem við á og vilji er fyrir í félaginu.

**Atvinnu- og ferðamálanefnd:** Hluti af stjórnarsýslu hreppsins. Fylgist með þróun atvinnumála í hreppnum, gerir tillögur um úrbætur til hreppsnefndar. Samstarf við samsvarandi nefndir nágrannanna v/ atvinnulífs á svæðinu í heild. Viðhald stefnumótunar í ferðaþjónustu hreppsins.

Getur unnið sjálf að ýmsum verkefnum í ferðamálum og komið þeim á framfæri við verkefnisstjórn í ferðamálum eftir atvikum.

**Verkefnisstjórn ferðamála:** Fulltrúanefnd hreppsnefndar, Ferðamálafélagsins og atvinnu- og ferðamálanefndar. Tekur við verkefnum sem vinna á undir merkjum þessa "átaks" frá hreppsnefnd, atvinnu- og ferðamálanefnd og Ferðamálafélagi Skaftárhrepps.

Ferðamálafulltrúi er framkvæmdastjóri verkefnisstjórnar. Hann á að hafa góða samvinnu við atvinnu- og ferðamálanefnd, Ferðamálafélagið og fleiri. Starfa að markaðssetningu og kynningu Skaftárhrepps. Vera fyrirtækjum og einstaklingum til ráðgjafar. Fylgja eftir stefnumótun frá '92 og annað sem honum kann að vera falið og varðar ferðamál.

**Sveitarstjórn:** Mótar stefnu hreppsins í ferðamálum. Tekur af skarið og á síðasta orðið um framkvæmdir hvað varðar ferðaþjónustu á vegum hreppsins.

### 3. Tölulegar upplýsingar

**Áætluð ársverk í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi árið 1995:** Ársverk í Skaftárhreppi árið 1992 voru alls 315 þar af 68 í þjónustu og 178 í landbúnaði. Til þess að áætla ársverk í ferðaþjónustunni sérstaklega var gerður listi yfir fyrirtæki og einstaklinga sem vinna við ferðaþjónustu og ársverk sem þar eru unnin áætluð. Taka verður fram að þetta er mjög gróf áætlun og verður því að taka tölurnar með miklum fyrirvara. Þó þótti rétt að slá tölu á ársverkin í þeirri von að hægt verði að nýta þær seinna til viðmiðunar.

Með þessum fyrirvara er áætlað að rúmlega 30 ársverk hafi verið unnið í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi árið 1995. Þegar frá er dregin löggæsla, lækniþjónusta, pósthjónusta og trésmíði (samtals rúmlega 4 ársverk) eru eftir rúmlega 27. Önnur ferðaþjónusta en hótélreksturinn er rúmlega 12 ársverk.

**“Góðir Íslendingar”.** Á ráðstefnu sem haldin var í Vestmannaeyjum vorið '93 hélt Rögnvaldur Guðmundsson erindi sem hann nefndi “Góðir Íslendingar '92; á Suðurlandi”. Erindið var byggt á könnun sem hann gerði árið 1992. Þegar niðurstaðan er einfölduð rækilega og dregin saman var hún í stuttu máli eftirfarandi: Íslenskir ferðamenn í Skaftafellssýslu gista þar í 2,6 nætur og eru 4,9 saman á ferð. Þeir eyða 2.200 kr á dag, eru að heimsækja vini sína og gista í hjólhúsum og tjöldum. Þeir koma frá Reykjavík og Reykjanesi. Þeir koma í Skaftafellssýslu til þess að njóta náttúrunnar, til þess að hvíla sig og skemmta sér með fjölskyldunni. Þeir eru áhugasamir um sögustaði. Að öðru leyti er vísað til skýrslu Rögnvaldar “Góðir Íslendingar” Ferðamálaökönnun meðal Íslendinga á ferð um Ísland sumarið 1992.

**Umferðartalning Vegagerðar ríkisins 1995.** Samkvæmt umferðartalningu Vegagerðarinnar fóru 1.170 ökutæki um Lakaveg á tímabilinu 10. júlí - 20. ágúst. Talningastaðurinn er ofan við Eintúnaháls, þannig að þeir sem fara linuvegin í Leiðólfsfell eru ekki með í þeirri tölu.

Við brúna á Syðri Ófæru er talningastaður á Fjallabaksleið nyrðri. Þar teljast fara 3.129 ökutæki um frá 11. júlí til 4. sept. Af þeim fara 409 á Álftavatnkróksleið en 2.720 áfram áleiðis til Landmannalauga. Þar er talningastaður austan Jökuldala, við ristarlið.

**Dagskrá Ferðamálafélagsins.** Þeir sem mættu í gönguferðir og sögustundir, sem er hluti af áttakinu sem kallast “Á döfinni”, sumarið '95 voru 300 - 400 manns. Einnig var boðið upp á gönguferðir með hópa og mættu 200 - 300 manns í þær sumarið '95.

*Gestir Upplýsingaþjónustunnar árin '92 - '95:*

	1992	1993	1994	1995	mism. '94 - '95	mism. %
Íslendingar			1.531	1.833	+ 302	+ 19,7%
Útlendingar			1.161	1.349	+ 188	+ 16%
<b>Samtals</b>	<b>2.548</b>	<b>3.269</b>	<b>2.692</b>	<b>3.182</b>	<b>+ 490</b>	<b>+ 18,2%</b>

*Gestafjöldi og gistinætur í Skaftárhreppi árið 1995*

	Gestafj. Ísl.	Gestafj. Útl.	Gestafj. Samtals	Gistinætur	Meðaldvöl nætur
<b>Hótel Edda *</b>	4.345	6.150	10.495	12.218	1.17
<b>Ferðaþj. bæir (4 af 5)</b>	1.031	1.228	2.259	3.390	1.50
<b>Fél.heimili og skólar**</b>	328	275	603	858	1.43
<b>Tjaldsvæðið á Kleifum</b>	1.853	259	2.112	2.369	1.12
<b>Hólaskjól (5.7.-30.8.)</b>	294	249	543	543	1.0 (?)
<b>Aðrir fjallaskálar***</b>			489	844	1.72
<b>Samtals</b>	<b>(7.851)</b>	<b>(8.161)</b>	<b>16.501</b>	<b>20.222</b>	<b>1,23</b>

\*Félagsheimilið Kirkjuhvol meðtalið

\*\* Herjólfstaðir, Tungusel og Múlakot

\*\*\* Blágil, Hrossatungur og Miklafell. Aðeins bókaðir gestir, fullvist að fleiri hafi gist en tölur eru um. Ekki vitað um skiptingu milli þjóðerna.

*Farþegar í Núpsstaðaskóga og Lakagíga '93 - '95*

	1993	1994	1995	Mism.% '93 - '95
<b>Núpsstaðaskógar*</b>	184	286	321	+74,5
<b>Lakagígar**</b>	616	403	527	-14,5

\* Samkvæmt upplýsingum frá Hannesi Jónssyni. Hvoli

\*\* Samkvæmt upplýsingum frá Austurleið hf

*Gestir á Kammertónleikum*

	1991	1992	1993	1994	1995
<b>Gestir</b>	380	250	260	250	420
<b>Flytjendur</b>	8	6	6	7	8

#### 4. *Nánari greining á stöðu ferðaþjónustu í Skaftárhreppi*

Skaftárhreppur hefur tvímælalaust ýmsa kosti til að bera sem ferðaþjónustusvæði. Í hreppnum eru margar náttúruperlur og sögustaðir og óviða er augljósari sagan um hversu erfitt hefur verið að búa við hina óbliðu náttúru landsins. Mikilsvert er að íbúar hreppsins eru jákvæðir gagnvart ferðaþjónustu og hafa skilning á gildi samvinnu og stuðningi atvinnugreina hver við aðra.

Nauðsynlegt er að koma af stað fleiri afþreyingamöguleikum til þess að ferðamenn dvelji lengur á staðnum. Liður í að lengja ferðamannatímamann er að bæta almennings-samgöngur haust og vor.

##### • *Styrkleikar*

Helstu styrkleikar ferðaþjónustu í Skaftárhreppi:

- Náttúran og náttúruperlur svæðisins
- Mild veðráttá.
- Tilnefning til Evrópsku umhverfisverðlauna ferðaþjónustunnar
- Tengsl við sögu og náttúru
- Góð ímynd og hefð fyrir ferðaþjónustu
- Jákvætt viðhorf til ferðaþjónustu
- Góð staðsetning Kirkjubæjarklausturs
- Hringvegurinn og fjölfarnir fjallvegir (Fjallabaksleiðir) liggja um hreppinn.
- Góð nýting gístaðstöðu á sumrin
- Golfvöllur, sundlaug og hestaleigur
- Vaxandi orlofsbyggð
- Staða ferðamálafulltrúa

##### • *Veikleikar*

Helstu veikleikar atvinnugreinarinnar:

- Afþreying er of lítil
- Opnunartíma þjónustustaða þarf enn að bæta
- Upplýsingamiðstöð er húsnæðislaus
- Skortur á gistirými í júlí og ágúst
- Ekki nógu góðar almennings-samgöngur haust, vetur og vor
- Skortur á leiðsögumönnum og öðru fagfólki
- Ekki nægileg tungumálakunnátta

##### • *Ógnanir*

Helstu ógnir sem steðjað gætu að atvinnugreininni:

- Offramboð og offjárfesting á gistingu hjá bændum, á hóteli og í nálægðum byggðum.
- Áhuga- og framkvæmdaleyfi í atvinnugreininni, að ímyndin versni, að þjónusta verði ófullkomin, skortur verði á fagfólki og gróðahyggja nái yfirhöndinni. >
- Áhrifaleyfi heimamanna á mikilvæga atvinnustarfsemi og hugsanleg ósamstaða.
- Náttúruhamfarir s.s. eldgos, flóð og breytt veðurfar.

- Náttúruspjöll gætu orðið af völdum offjölgun ferðamanna, mannvirkjagerðar og skipulagsleysis í ferðþjónustu.
- Heimskreppa.

- *Tækifæri*

Helstu tækifæri í ferðþjónustu í Skaftárhreppi:

- Kirkjubæjarklaustur verði áfram miðstöð ferðamanna með sífellt fjölbreyttari þjónustu og margs konar ferðamöguleika í allar áttir.
- Möguleikar eru miklir í veiði, en skipuleggja þarf fuglaveiðar og stangveiði betur. Stangveiðimöguleikar eru mikið nýttir, en þó er markaður fyrir annað lón eða veiðivatn fyrir fjölskyldufólk og hægt að auka nýtni í fáeinum ám.
- Hægt er að nýta skipulögð tjaldsvæði betur.
- Möguleikar eru góðir á hverskonar afþreyingu og menningu sem laðað getur að ferðamenn.
- Margar fleiri göngu- og reiðleiðir (stuttar og langar) má merkja og laga fyrir ferðafólk.
- Stofnun náttúrufræðiseturs á Klaustri.
- Sagan og fornleifarnar
- Möguleikar eru á vetrarferðum

### ***III. Markmið stefnumótunarinnar***

#### ***Megintilgangur verkefnisins er:***

- að móta stefnu í ferðamálum til næstu ára
- að efla samstarf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu í hreppnum.

#### ***Aðalmarkmið stefnumótunarinnar eru:***

- að fjölga arðbærum ársverkum í ferðaþjónustu í hreppnum.
- að ferðaþjónustan verði umhverfisvæn.

#### ***Undirbúnaðarmið eru:***

- að vinna að bættri þjónustu við ferðamenn í hreppnum
- að lengja ferðamannatímamann og lengja dvöl ferðamanna á svæðinu.
- að byggja Kirkjubæjarklaustur enn frekar upp sem áningamiðstöð þar sem ferðamenn stoppa um lengri eða skemmri tíma.
- að vinna Skaftárhreppi sess sem umhverfisvænn áfangastaður ferðamanna
- að treysta ímynd Kirkjubæjarklausturs sem miðstöð ferðaþjónustu í austurhluta Suðurlands.
- að efla samstarf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

#### ***IV. Stefna í ferðaþjónustu í Skaftárhreppi til aldamóta***

Aðaláhersla mun verða lögð á markaðssetningu þar sem vakin verður athygli ferðamanna á möguleikum þeim sem svæðið býr yfir í þjónustu, afþreyingu og hvað varðar náttúrufar. Boðið verður upp á fjölbreytta afþreyingu sem gestirnir njóta og er arðsöm fyrir gestgjafann. Lögð verður áhersla á að bjóða upp á afþreyingu sem er í sátt við umhverfið.

Unnið verður að því að bæta yfirbragð svæðisins og minnka álag sem verður á náttúruna vegna ferðaþjónustunnar eins og kostur er.

Síðustu ár hefur Skaftárhreppur verið að styrkja ímynd sína sem umhverfisvænn áfangastaður ferðamanna. Erlendir gestir okkar eru meðvitaðir um umhverfismál og umræðan um þau mál í ferðaþjónustunni hérlendis hefur aukist mikið. Það sem vinnst með því að sinna umhverfismálunum er því þrennt: heilbriggt og snyrtilegt umhverfi fyrir heimamenn og gesti, traustur grunnur fyrir atvinnugreinina og ánægðir gestir.

Aðalskipulag getur, ef vel til tekst, verið öflugt tæki til þess að ná þessum markmiðum. Því er mikilvægt að hefja vinnu við það hið allra fyrsta.

Umhverfisvæn ferðaþjónusta er á allra vörum um þessar mundir. Stefna sú sem hér er sett fram er í anda þeirrar hugmyndafræði. Hugmyndafræðin leggur áherslu á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera á umhverfinu. Með umhverfi er átt við náttúruna, mannlifið og menningarminjar. Umhverfisvænni ferðaþjónustu er stjórnað samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi og áætlunum sem unnar eru í samvinnu við íbúa svæðisins. Til nánari glöggvunar eru settar hér fram nokkrar meginreglur um hvað átt er við þegar talað er um umhverfisvæna ferðaþjónustu.

#### ***Tíu meginreglur fyrir umhverfisvæna ferðaþjónustu:***

1. Ferðaþjónustan er felld inn í skipulag svæðisins
2. Umhverfisvæn ferðaþjónusta styður fjárhagsafkomu svæðisins
3. Ferðaþjónustufyrirtæki sem kemur með gesti inn á svæðið eða er með rekstur þar hefur samvinnu við heimafólk
4. Auðlindir eru notaðar á sjálfbæran hátt
5. Dregið er úr neyslu og úrgangi.
6. Sorpi og seyru er eytt á umhverfisvænan hátt.
7. Ferðaþjónustan stuðlar að viðhaldi fjölbreytileika náttúrunnar.
8. Starfsfólk er þjálfað í störfum sínum og því haldið í þjálfun.
9. Ferðaþjónustan er markaðssett á ábyrgan hátt
10. Stuðlað er að rannsóknum á ferðaþjónustunni og áhrifum hennar á umhverfi og samfélag.

## V. Markmið og framkvæmdaáætlanir

Í þessum kafla eru sett fram nánari markmið í 14 málaflokkum og framkvæmdaáætlanir um einstaka aðgerðir.

### 1. Markaðssetning

Í allri kynningu og markaðssetningu í ferðapjónustu í Skaftárhreppi verður lögð áhersla á að sveitarfélagið verður umhverfisvænn áfangastaður ferðamanna. Dregið verður fram það sem stenst slíkar kröfur og kynntar þær áætlanir sem til eru um framkvæmdir til lagfæringar á því sem aflaga fer. Lögð verður áhersla á fjölbreytt náttúrufar, söguna og mannlífið.

- **1.1. Markhópar.** Íslenskt fjölskyldufólk, erlent ferðafólk, eldri borgarar, gestir orlofshúsa, innlent og erlent námsfólk, náttúruskoðendur, ráðstefnufólk, starfsmannafélög, erlendir frjóofnæmissjúklingar, bakpoka- og tjaldfólk, ungir Íslendingar o. fl.
- **1.2. Kynningarbæklingur.** Bæklingur Skaftárhrepps þarf sífellt að vera í endurskoðun en rétt að halda forminu enn um sinn. Halda áfram að gefa út “Á döfinni”. Gefa út sérþæklinga um ákveðið efni eftir þörfum þegar afþreyingu tengt efni hefur verið komið á, t.d. gönguferðir, fjöruferðir. Koma fræðslu um fugla, gróður o. fl. inn í leiðarlýsingu gönguleiða. Notað margmiðlunartæknina til kynningar á hreppnum. Mikilvægt er að skrifa leiðarlýsingu fyrir merktar gönguleiðir og einnig lýsingu á náttúrufari og sögu í aðgengilegu formi fyrir ferðafólk. Hvetja til útgáfu á bæklingi fyrir stærra svæði.
- **1.3. Skyggnu-myndaflokkur.** Koma myndaflokknum í gagnið fyrir næsta ferðamannatíma, síðan þarf að viðhalda honum og skipta út myndum eftir þörfum. Athuga möguleika á að setja myndirnar á geisladisk til notkunar í tölvum. Myndirnar verða notaðar á ferðasýningum, kvöldvökum og öðrum kynningum.
- **1.4. Hönnun minjagripa.** Finna húsnæði fyrir handverkshópin fyrir vinnuástöðu og markað. Stefna að því að auglýsa samkeppni um bestu hugmynd að minjagrip sem væri ímynd hreppsins.
- **1.5. Þátttaka í sýningum og kaupstefnum.** Taka þátt í Perlusýningu eða sambærilegum sýningum fyrir innanlandsmarkað og hafa um það samstarf við nágrennabyggðalögin. Kanna áhuga á samstarfi um þátttöku í Vest Norden ferðasýningunni og öðrum sýningum.
- **1.6. Fjölmíðlakynning.** Viðhalda ímynd Skaftárhrepps með því að skrifa blaðagreinar m.a. í fagtímarit, sérblöð og blöð starfsmannafélaga. Hugsanlegt væri að bjóða náttúrufræðingum hingað og fá þá til að skrifa greinar. Senda fréttir á ljósvakamiðlana.
- **1.7. Kynning erlendis.** Senda bæklinga og aðra kynningu til FMR erlendis. Mikilvægt að til sé bæklingur um Suðurland í heild til kynningar erlendis.

*Vantar atgang að markaði: !!*



**Framkvæmdaáætlun fyrir markaðssetningu:**

**Núverandi staða:** Gefinn er út góður, staðbundinn bæklingur um hreppinn í heild. Honum er dreift af Ferðamálaráði, í ýmsum upplýsingamiðstöðvum og á þjónustustöðum ferðamanna í hreppnum. Ferðamálafélagið hefur tekið þátt í ferðasýningum í Perlunni á vorin.

**Markmið:** Vekja athygli ferðamanna á möguleikum sem svæðið býr yfir í þjónustu, affreyningu og náttúruupplifun.

**Tilgangur:** Laða ferðamenn að svæðinu og vekja löngun til lengri dvalar.

**Árangur:** Að markaðsetning verði til þess að fleiri ferðamenn komi til lengri dvalar og séu ánægðir með dvölinu. Betri fjárhagsleg afkoma ferðaþjónustunnar í hreppnum.

**Mælikvarði:** Fleiri ferðamenn, þeir dvelji lengur. Fleiri ársverk í ferðaþjónustu.

**Verk- og tímaáætlun fyrir markaðssetningu:**

Verkefni	Framkvæði	Framkvæmd /samvinna	Hvenær
Bæklingur hreppsins	sveitarfélagið	sveitarfélagið	Árleg endurskoðun
Á döfinni	Ferðamálafélagið	Ferðamálafélagið	Vikulega á sumrin
Gönguleiðarbæklingur	Ferðamálafélagið	Ferðamálafélagið	Þegar gönguleiðir hafa verið merktar
Reiðleiðarbæklingur	sveitarfélagið	Hestamannafélagið. Vegagerðin	'97
Náttúrufarslýsing og söguágrip	sveitarfélagið	sveitarfélagið	haust '96
Skyggunnumyndaflokkur. myndun og viðhald	Ferðamálafélagið	Ferðamálafélagið	vorið '96 og áfram
Hönnunarsamkeppni í minjagripagerð	Handverkshópur. sveitarfélagið	Handverkshópur	vetur/vor '96
Húsnæði fyrir handverkshóp	Handverkshópur.	Handverkshópur.	vorið '96
Ferðakaupstefnur og sýningar	sveitarfélagið. Ferðam.fél. Skaftárh.	Ferðamálafélag Mýrdalshr., Útivist. Ferðafél. Ísl. Ferðaskrst. Ísl., o.fl.	Á hverju vori og hausti.
Viðhorfskönnun	sveitarfélagið. Ferðamálafél..	ferðaþjónustaðilar	'96
Fjölmiðlakynning	sveitarfélagið. Ferðam.fél..	ferðaþj.adilar	Sífelld

*Vantar greiðingar -  
atila.*

## 2. Samgöngur

Til þess að mögulegt sé að lengja ferðamannatímamann verður að bæta þjónustu á jaðartímanum. Þetta á ekki hvað síst við um samgöngur. Í samgöngum er nær eingöngu notuð innflutt orka og því rétt út frá umhverfissjónarmiðum að nýta farartæki vel. Það er hægt með því að fleiri ferðist saman í bilum t.d. almenningsvögnum og hópferðabílum, einnig með hagkvæmum flutningum.

- **2.1. Efla almennings-samgöngur allan ársins hring.** Hvetja Austurleið til að fjölga ferðum að Kirkjubæjarklaustri í tengslum við ferðir sem nú enda í Vík. Einnig til að hefja ferðir í Eldgjá á ákveðnum tíma á vorin, þ.e. setja fasta dagsetningu sem hægt er að standa við.
- **2.2. Standa fyrir umhverfisvænum ferðamáta; notkun reiðhjóla og gönguferðum.** Skipuleggja gönguferðir. Merkja göngu- og reiðleiðir. Hafa samband við fjallahjólaklúbbinn og ræða um reiðhjólaleiðir o.fl. Hvetja til notkunar almennings-samgangna.
- **2.3. Draga úr mengun og óþægindum vegna bílaumferðar.** Huga að næturgeymslustað langferðabíla og koma þannig í veg fyrir staðbundna mengun fyrir framan hótelið. Hafa bíla ekki í gangi að nauðsynjalausu. Draga þarf úr umferðarhraða á Kirkjubæjarklaustri. Afmarka góðan gönguslóða ármegin við hótelið og félagsheimilið á Kirkjubæjarklaustri.
- **2.4. Fjöru- og fjallaslóðar.** Stefna þarf að því að laga eina fjöruslóð á ári:
  - Skarðsfjara,
  - Skaftárós,
  - Alviðruhamrar,
  - Fossfjara.

Brynt er orðið að gera stórátak í að lagfæra ýmsa slóða:

1. opna hringleið með vegabótum frá Lakagígum að Leiðólfsfelli
2. bera ofan í slóðann niður með Lakagígum
3. ljúka við lagfæringu Álftavatnkróksleiðar
4. bera ofan í veginn að Laka, sérstaklega, meðfram Varmárfelli
5. halda áfram vegabótum milli Blágils og Hrossatunguskála.
6. Leiðin inn að Miklafelli liggur um hlaðið á Þverá. Það þarf að taka til endurskoðunar. Athuga þarf vegabætur á milli Miklafells og Laka.

Á nokkrum stöðum eru slóðir svo slæmir að farið er að aka utan við þá, en markmiðið með lagfæringum er að draga úr skemmdum. Gera þarf áætlun um lagfæringarnar og hvar hægt sé að taka efni með minnstum skaða. Opna þarf fjallaslóða eins snemma og mögulegt er.

- **2.5. Flugvöllurinn.** Setja þarf upp síma á flugvöllinum, t.d. beinlínutengdan. Sjá þarf um að vegurinn að völlum sé í lagi. Athuga með að koma á flugdegi eða degi einkaflugmannsins í samvinnu við einkaflugmenn, "Heimsendaflug".
- **2.6. Tengivegir.** Lagfæra þarf tengivegi innan hreppsins.

**Framkvæmdaáætlun fyrir samgöngur:**

Núverandi staða: Samgöngur hafa batnað m.a. með tilkomu brúar á Kúðafljót og bundins slitlags. Áætlunarferðir eru daglega yfir sumarmánuðina í austur og vestur, einnig um Fjallabaksleið til Landmannalauga og Reykjavíkur og sömu leið til baka.

Markmið: Auðvelda ferðamönnum að ferðast með almenningssvögnum, einnig vor og haust. Auðvelda skoðunarferðir um svæðið.

Tilgangur: Lengja ferðamannatímam. Auka fjölbreytni í ferðalögum. Draga úr mengun vegna útblásturs.

Árangur: Fjölgun áætlunarferða á Kirkjubæjarklaustur. Ferðamenn noti almenningssamgöngur meira. Fjöru- og fjallaslóðar lagfærðir. Tengivegir innan hreppsins lagfærðir.

Mælikvarði: Ein fjöruslóð verði löguð á ári. Leiðin Lakagígur - Leiðólfsfell opnuð. Gerð áætlun um lagfæringu annarra slóða. Áætlunarferð til Víkur á kvöldin á sumrin og á föstudagskvöldum á veturnum verði framlengd að Kirkjubæjarklaustri. Bílastæði fyrir langferðabíla skipulögð.

**Verk- og tímaáætlun fyrir samgöngur:**

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd /samvinna	Hvenær
Áætlunarferðir	sveitarfélagið	Austurleið	vor '96
Reiðhjólafærðir	sveitarfélagið	Fjallahjólaklúbb	sumar '96
Göngu- og reiðleiðir	sveitarfélagið Ferðamálafél.	Vegagerðin. hestamannafél.	sumar '96 og næstu ár
Göngustígur með Skaftá á Kirkjubæjarklaustri	sveitarfélagið	sveitarfélagið	'96?
<b>Fjöruslóðir:</b>			
Skarðsfjara	sveitarfélagið	Vegagerðin. Vita- og hafnarmál	'96 - '99
Skaftárós	sveitarfélagið	Vegagerðin Vita-og hafnarmál	'96 - '99
Alviðruhamrar	sveitarfélagið	Vegagerðin Vita og hafnarmál	'96 - '99
Fossfjara	sveitarfélagið	Vegagerðin	'96 - '99
<b>Fjallaslóðir:</b>			
1. Lakagígur - Leiðólfsfell	sveitarfélagið	Vegagerðin	'96
2. Slóðinn vestur með Lakagígum	sveitarfélagið	Vegagerðin	'96
3. Álftavatnacroksleið.	sveitarfélagið	Vegagerðin	'97
4. Vegurinn úr byggð að Laka	sveitarfélagið	Vegagerðin	'97
5. Blágil - Hrossatungur	sveitarfélagið	Vegagerðin	'97
6. Miklafell - Laki	sveitarfélagið	Vegagerðin	'96 - '97
Flugvöllur	sveitarfélagið	Flugmálastjórn	'96 - '97
Tengivegir	sveitarfélagið	Vegagerðin	'96 og áfram

### 3. Samstarf

Ferðaþjónustan er atvinnugrein sem nærast á góðri samvinnu á ýmsum sviðum og því mikilvægt að hlúa að þeirri hlið starfsins.

- **3.1. Samstarf milli heimamanna.** Viðhalda þarf og hlúa að hinu góða samstarfi sem er milli fólks í hreppnum.
- **3.2. Samstarf við ýmsa aðila í ferðaþjónustu í austurhluta Suðurlands.** Nauðsynlegt að efla samstarf í báðar áttir. Til dæmis með ráðstefnu- og námskeiðahaldi og Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar.
- **3.3. Samstarf í Ferðamálasamtökum Suðurlands.** Efla samstarf innan ferðaþjónustunnar á Suðurlandi
- **3.4. Samstarf í Ferðamálasamtökum Íslands.** Unnið er að stefnumótun í einstökum málum samtakanna. Ferðamálafulltrúi tekur þátt í þeirri vinnu.
- **3.5. Samvinna við Ferðafélagið Útivist** um notkun afrettanna og gangnamannahúsanna.
- **3.6. Samvinna við Fræðslustofuna Kriuna,** um rannsóknarferðir visindamanna.
- **3.7. Taka upp og efla samstarf** við ýmsa aðra í ferðaþjónustunni, s.s. Ferðaþjónustu bænda, Ferðaskrifstofu Íslands, Austurleið, Íslenska fjallaleiðsögumenn o.fl.
- **3.8. Samvinna við orlofshúsaeygndur í hreppnum**

#### *Frankvæmdaáætlun fyrir samstarf í ferðaþjónustu:*

Núverandi staða: Starfandi er félag áhugamanna og hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og á vegum sveitarfélagsins starfar annars vegar atvinnu- og ferðamálanefnd og hins vegar verkefnisstjórn í ferðamálum. Í Skaftárhreppi ríkir góð samvinna í ferðamálum og skilningur á mikilvægi atvinnugreinarinnar.

Markmið: Að efla enn frekar samstarf innan atvinnugreinarinnar

Tilgangur: Efling ferðaþjónustunnar á öllum sviðum

Árangur: Áframhaldandi góð samvinna með ferðaþjónustuaðilum innan sveitar og utan. Samstarf um markaðssetningu við nágannabyggðir.

Mælikvarði: Blómleg samvinna

#### *Verk- og tímaáætlun samstarf:*

Verkefni	Frunkvæði	Frankvæmd / samvinna	Hvenær?
Ráðstefnu- og námskeiðshald	sveitarfélagið, ferðaþj. aðilar	Ferðaþjónustuaðilar í austurhl. Suðurlands	vor '96 og áfram í framtíðinni
Uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar	Ferðaþj. aðilar		á haustin
Efling samstarfs	Sveitarfélagið	Ferðamálafél. Krián. Ferðamálafélög nágannabyggða. Ferðamálasamtök Suðurl. og landsins o.fl.	Sífelld
Samstarf um fjallaskálana og gönguleiðir	sveitarfélagið	Útivist	'96 - '98

#### 4. Þjónusta

Upplýsingaþjónusta er afar mikilvæg og nauðsynlegt að búa henni góða aðstöðu á stað sem er í alfaraleið ferðamannanna.

Til þess að bæta þjónustu þarf að fræða fólk sem vinnur við að taka á móti ferðamönnum um gildi þess að þjónusta viðskiptavinina með virðingu og ánægju og hjálpa því til að verða hæfara til þess. Mikilvægt er að standa við auglýstan opnunartíma þjónustufyrirtækja og tímasetningu afþreyingar. Tímabært er orðið að auka þjónustu í fjallaskálunum.

- **4.1. Upplýsingaþjónusta.** Upplýsingaþjónusta er rekin yfir sumarmánuðina. Mikilvægt er að halda áfram viðræðum við Kaupfélag Árnesinga og olíufélögin um stækkun skálans til þess að bæta úr brýnni húsnæðisþörf upplýsingaþjónustunnar. Hafa, að svo stöddu, óbreytt rekstrarform og fjármögnun á upplýsingaþjónustunni og tjaldsvæði hreppsins, en skoða málið áfram. Auka beina þátttöku ferðaþjónustuaðila í fjármögnun upplýsingaþjónustu.
- **4.2. Opnunartími þjónustufyrirtækja.** Nauðsynlegt er að fá sjálfsala á bensinstöðina og hraðbanka við a.m.k. annan bankann. Opna bensinstöð og söluskála fyrr á morgnana. Endurbæta bílaþvottaplan. Huga að lengingu opnunartíma upplýsingaþjónustunnar. Taka opnunartíma sundlaugar til athugunar. Auka þjónustu heilsugæslustöðvarinnar yfir sumartímann og lengja opnunartíma apóteksins.
- **4.3. Þjónusta í og við fjallaskála.** Móta aðgengilegar umgengnisreglur sem auðvelt er að framfylgja. Hafa reglurnar líka á erlendum málum. Setja upp kassa eða skilja eftir giróseðla fyrir gistigjöld. Gera áætlun um endurbætur skálanna. Skilgreina hver eigi að sjá um hvern og einn skála. Útivist kemur inn í þessa umræðu. Koma á kerfisbundinni gæslu og þjónustu við fjallaskálana.
- **4.4. Bakarí - gallerí - kaffihús á Kirkjubæjarklaustri.** Athuga hvort einhver er tilbúinn til að reka lítið kaffihús.
- **4.5. Kyrrðarstund í bókasafni.**
- **4.6. Minjagripasala.** Útimarkaðir

#### *Framkvæmdaáætlun fyrir þjónustu:*

Núverandi staða: Góð upplýsingaþjónusta er starfrækt yfir sumarmánuðina en hún er á hrakhólum með húsnæði. Opnunartími flestra þjónustufyrirtækja er viðunandi, en nauðsynlegt að setja upp olíu- og bensinsjálfsala og hraðbanka. Nánast engin þjónusta er í fjallaskálum öðrum en í Hólaskjóli.

Markmið: Að veita góða þjónustu á öllum sviðum ferðaþjónustunnar.

Tilgangur: Ferðamennirnir fari ánægðir heim og vilji gjarnar koma aftur.

Árangur: Upplýsingaþjónustan komist í varanlegt húsnæði. Bætt þjónusta í fjallaskálum. Meiri þjónusta á bensinstöð og banka.

Mælikvarði: Upplýsingaþjónustan verði komin í gott húsnæði fyrir sumarið '96.

Ráðinn starfsmaður til eftirlits og þjónustu á Lakagígasvæðinu sumarið '96. Sjálfsalar á bensinstöðina helst fyrir vorið '96. Hraðbanki við annan hvorn bankann sumarið '96.

**Verk- og tímaáætlun fyrir þjónustu:**

Verkefni	Frunmkvæði	Framkvæmd /samvinna	Hvenær?
Stækkun Skaftárskála - húsnæðismál Upplýsingaþjónustunnar	sveitarfélagið.	Kaupfélagið. Oliufélagin. sveitarfélagið	voríð '96
Sjálfsali á bensinstöðina	sveitarfélagið.	oliufélagin	'96 - '97
Hraðbanki	sveitarfélagið.	bankarnir	sumarið '96
Opnunartími sundlaugar	sveitarfélagið.	hóтелиð	voríð '96
Áætlun um endurbætur fjallaskála	sveitarfélagið	Útivist	'96 - '98
Koma á gæslu og þjónustu á afréttum Umgengnisreglur í fjallaskála	sveitarfélagið	fjallskilaneindir	'96 og áfram
Bakarí - gallerí - kaffihús á Kirkjubæjarklaustri	Áhugafólk		
Kyrrðarstundir í bókasafni	Bókasafnsstjórn		
Minjagripasala	Handverkshópur	Handverkshópur	Á hverju sumri

**5. Gisti- og veitingaþjónusta**

Markmiðið er að veita ferðamönnum góða og fjölbreytta gisti- og veitingaþjónustu. Veita góða þjónustu við þá sem kjósa að gista á tjaldsvæðum og stuðla að því að ferðamenn tjaldi sem minnst utan þeirra.

- **5.1. Tjaldsvæði.** Á Kirkjubæ 2 hefur verið byggð upp góð aðstaða. Ekki er lagt til að breyta rekstri tjaldsvæðisins á Kleifum að svo stöddu, en skoða möguleika til breytinga á næstu mánuðum. Skoða þarf umgengni þeim stöðum sem vitað er að tjaldað er utan skipulegra tjaldsvæða. Skoða þarf rekstrargrundvöll fyrir tjaldsvæði í Skaftártungu. Markmiðið er að hafa fráveitumál alltaf í besta lagi á tjaldsvæðum í hreppnum. Æskilegt er að grunnþjónusta (hreinlætisaðstaða) sé sem víðast þar sem ferðamenn hafa viðkomu. Kanna þörf fyrir einföld hús til gistinga á tjaldsvæðum (sbr. Húsafell).
- **5.2. Farfuglaheimili** eða sambærilega gistiþjónustu vantar til að fylla upp í annars fjölbreytta gistingumöguleika í hreppnum.
- **5.3. Svefnpokagisting.** Meiri eftirspurn er eftir svefnpokaplássi í rúmum en hægt hefur verið að anna. Nauðsynlegt er að hraða flokkun gististaða til að samræma kröfur um þjónustu og verð fyrir gistingu.
- **5.4. Leyfi til að selja gistingu.** Þeir sem vilja selja gistingu og uppfylla heilbrigðiskröfur, fái til þess tilskilin leyfi, en aðrir selji ekki gistingu.

**Framkvæmdaáætlun fyrir gisti- og veitingaþjónustu:**

Núverandi staða: Gistimöguleikar eru fjölbreyttir í hreppnum, þó vantar farfuglaheimili eða sambærilega gistiþjónustu. Gistirúm eru nokkuð vel nýtt yfir sumarmánuðina en ekki nóg á öðrum árstímum

Markmið: Sífellt betri og fjölbreyttari gisti- og veitingaþjónusta

Tilgangur: Ánægðir ferðamenn og arðsamur rekstur

Árangur: Fjölbreytt gisti- og veitingaþjónusta.

Mælikvarði: Fjöldi gistinátta í hreppnum.

**Verk- og tímaáætlun fyrir gisti- og veitingaþjónustu:**

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd /samvinna	Hvenær?
Umgengni utan skipulegra tjaldsvæða	sveitarfélagið		Sífelld
Tjaldsvæði	sveitarfélagið, ferðaþj. aðilar	sveitarfélagið, ferðaþj. aðilar	'96 og áfram
Farfuglaheimili eða sambærileg gisting	Ferðamálafélagið	ferðaþj. aðilar	'96 - '97

**6. Fræðsla**

Vel upplýst fólk er ein af undirstöðum góðrar ferðaþjónustu. Sjálfsagt er að hafa samvinnu við nágrannabyggðalögin um námskeiðshald. Þá er það mikilvægt að fræða gesti um svæðið t.d. náttúrufar, þjóðhætti og umgengni.

- **6.1. Umhverfis- og náttúruverndarstefna.** Fræða gesti og heimafolk um umhverfis- og náttúruverndarstefnu svæðisins og hvetja þá til ábyrgðar á umhverfinu.
- **6.2. Náttúrufar og þjóðhættir.** Upplýsa ferðamennina um náttúrufar og þjóðhætti svæðisins og landsins í heild.
- **6.3. Staðkunnugir heimamenn.** Fá staðkunnuga fararstjóra / leiðsögumenn fyrir gestina eftir því sem tök eru á.
- **6.4. Leiðsögumannanámskeið.** Kanna við Farskóla Suðurlands um grundvöll að öðru svæðisbundnu leiðsögunámskeiði. Nauðsyn er á fleiri menntuðum leiðsögumönnum ef bjóða á upp á auknar ferðir frá Kirkjubæjarklaustri, einnig fá staðkunnuga menn til þeirra starfa.
- **6.5. Þjónustunámskeið:** Koma á þjónustu- og samskiptanámskeiði fyrir afgangslufólk á þjónustustöðum vorið '96 og lengra námskeið fyrir alla vorið '97. Athuga þarf hvort hugmyndir Bændasamtakanna um fullorðinsfræðslu geti fallið saman við hugmyndir um þjónustunámskeið.
- **6.6. Önnur námskeið.** Standa fyrir ýmsum námskeiðum ætluðum ferðaþjónustufólki á austurhluta Suðurlands, s.s. tölvunámskeið, tungumálanámskeið, námskeið fyrir ferðaþjónustufólk um náttúru, þjóðhætti og menningarsögu, samskipti við fólk o.fl.

**Frankvæmdaáætlun fyrir fræðslu í ferðaþjónustu:**

Núverandi staða: Þörf er á ýmiss konar fræðslu fyrir þá sem starfa í ferðaþjónustu, jafnt þá sem reka fyrirtæki í greininni og þeirra sem starfa hjá þeim.

Markmið: Allir sem starfi í atvinnugreininni séu meðvitaðir um starf sitt og umhverfi.

Tilgangur: Bætt þjónusta og betri rekstrargrundvöllur fyrirtækjanna.

Árangur: Ánægðir ferðamenn og starfsmenn í atvinnugreininni

Mælikvarði: Hæft starfsfólk.

**Verk- og tímaáætlun fyrir fræðslu í ferðaþjónustu:**

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Umhverfis- og náttúruv. stefna. útdr.	sveitarfélagið		'96 og áfram
Náttúrufar, menning, þjóðhættir, saga.	sveitarfélagið		'96 - '97
Leiðsögumannanámskeið	sveitarfélagið.	Farskóli Suðurl.	'96 - '97
Þjónustunámskeið	sveitarfélagið, Verkalýðsfél..	Menningar og fræðslusamb. alþ. Nágrannasveitarfél.	vor '96, vetur '97
Tölvu- og tungumálanámskeið	sveitarfél. .Ferðam.fél.	Verkalýðsfél.. o.fl.	'97 og áfram

## 7. Afþreying

Lögð verður áhersla á að í Skaftárhreppi verði ferðamönnum boðið upp á afþreyingu sem er í sátt við umhverfið, sé fræðandi um náttúru svæðisins og hvetjandi til góðrar umgengni. Einnig er haft að markmiði að gestirnir sjái ástæðu til að nýta sér þá afþreyingu sem í boði er og gestgjafinn njóti góðs af. Með þessum markmiðum er helst að vænta árangurs til lengingar dvalar ferðamanna og ferðamannatímans.

- **7.1. Skipulagðar ferðir með leiðsögn.** Möguleikar á pakkaferðum hafa breyst með tilkomu laga um alferðir, því þarf að kanna möguleika á meiri samvinnu við ferðaskrifstofur. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram svo sem: Heimsókn á sveitabæi í sauðburði, berja- og grasferðir, heilsu- og heilunardvöl, haustlitaferðir.

Byrja næsta sumar á skipulögðum ferðum niður á fjöru/sand þar sem skoðuð verði saga skipsstranda, verslunarstaður við Skaftárós og fleira. Litið verði á það sem þróunarstarf í byrjun.

Efla ferðir sem nú þegar er boðið upp á, s.s.: Kirkjubæjarklaustur - Skaftafell - Lónið - Skálafellsjökull; Kirkjubæjarklaustur - Eldgjá - Landmannalaugar; Laka- og Núpsstaðaskógaferðir. Kanna möguleika á fjölbreyttari ferðum um afréttina. Einnig má nefna: Söguferðir á Kötluslóðir (Skálmarbæjarhraun); söguferðir að Þykkvabæjarklaustri; skoðunarferðir í kirkjur og klaustur; gamlar þjóðleiðir (varðaðar leiðir); sögu heiðarbýla.

Kanna möguleika á ferðum fyrir frjófnæmissjúklinga.

- **7.2. Uppákomur; DAGAR;** Eftirfarandi hugmyndir komu fram: Hugsanlegt að höfða til áhugaleikara á páskum. Á hvítasunnu er áhugavert fyrir ferðamenn að heimsækja sveitabæi vegna sauðburðar. Gera helgina næsta Jónsmessunni að sérstakri Kirkjubæjarklausturshelgi með dagskrá sem vísar til fornra siða. Hugsanlegt að tengja öðrum norrænum þjóðum. Miðnæturgolf á Jónsmessu. Eldmessumót (golf). Þorláksmessa á sumri (20. júlí). Söguleikhús í Kapellunni. Kynna réttardaga fyrir ferðamönnum. Nýta það orðspor sem fer af Skaftafellingum að þeir hafi verið góðir vatnamenn og koma ríðandi yfir Skaftá. Haustdagur með músík, bókmenntum, ljóðlist o.fl. Kanna áhuga einkaflugmanna á að hér verði flugdagur. Stuðla að starfsemi götuleikhúss í tengslum við útmarkað.
- **7.3. Gönguferðir.** Þrjár gönguleiðir hafa verið merktar, til áætlun um fleiri. Skipuleggja (semja áætlun um) dagsgönguferðir úr byggð á fjöllin og upp í hálendið. Þemaferðir, fugl, gróður, jarðfræði. Ganga á milli klaustra. Setja upp ákveðna dagskrá yfir fjallgöngur með leiðsögn: Lómagnúpur. Kaldbakur, Leiðólfsvell, Harðskafi, Markhnúkur á Geirlandsbrauni o.fl. Einnig frá Fagrafossi niður með Geirlandsá að Mörtungu. Bókanir í ferðirnar væru í Upplýsingaþjónustunni. Þegar komnar verða brýr yfir Skaftá skal stefnt að því að kynna 3ja - 4ra daga gönguferðir á milli skála (sbr. Laugavegsferðir). Gefa út einfaldan gönguleiðabækling yfir svæðið í kring um Kirkjubæjarklaustur, Skaftártungu o.fl. Einnig yfir gönguleiðir um Lakagíga, Eldgjá og í Núpsstaðarskógum.
- **7.4. Vetrarferðir.** Semja þarf áætlun um skiðagönguferðir, jeppaferðir og vélsleðaferðir þannig að hægt sé að gripa til þeirra þegar það á við. Gera verður ráð fyrir viðeigandi leiðsögn.



- **7.5. Sundlaug.** Nauðsynlegt er að lagfæra og viðhalda sundlauginni á Kirkjubæjarklaustri. Ferðamenn spyrja æ meira um heita potta. Endurskoða þarf opnunartíma laugarinnar.
- **7.6. Hestaleigur / hestaferðir.** Tvær hestaleigur eru nú starfræktar í sveitarfélaginu. Þær anna þeirri eftirspurn sem nú er. Eftirspurn eftir hestaferðum eykst á landsvisu. Rétt væri að nota sérkenni sögunnar í Skaftafellssýslum og bjóða upp á ferðir eftir gömlum þjóðleiðum og leiðum munkanna. Affarasælla er að beina löngum hestaferðum um byggðirnar frekar en óbyggðir. Hugmynd að ríða um byggðir og koma við á bæjum þar sem boðið væri upp á mat sem er sérstakur fyrir þetta svæði. Athuga með ferðir í hestakerrum og reiðskóla fyrir útlendinga. Gera þarf reiðleiðakort og / eða setja reiðleiðir inn í þjónustubæklinginn.
- **7.7. Veiði.** Nauðsynlegt að hafa gæslu og þjónustu á afréttunum á gæsaveiðitímabilinu. (veiðikort, utanvega akstur, umgengni í skálum). Athuga möguleika á að byggja annað lón eða veiðivatn fyrir fjölskyldufólk. Kannaðir verði möguleikar á dorgveiði.
- **7.8. Reiðhjólaleiga.** Kanna möguleikann á að hafa reiðhjól til leigu út frá Upplýsingaþjónustunni.
- **7.9. Bátaleiga.** Stuðla að því að áfram verði starfrækt bátaleiga með fjölbreyttu bátaúrvali.
- **7.10. Leik- og íþróttastaða.** Setja upp aðstöðu til iðkunar minigolfs, trambolin, tennisvöll, pílukast og gæsluvöll. Búið er að ætla tennisvelli stað sunnan við hótelið og er það liður í skipulagi sem búið er að vinna á lóðum hótelsins og félagsheimilisins. Kanna þarf hvort leiktæki rúmast ekki innan skipulagsins. Athuga hvort einhverir bændur hafi áhuga á að sýna gamla búskaparhætti, heyskap o.fl. og ferðafólk fengi að taka þátt í verkunum.
- **7.11. Sögustundir.** Ferðamálafélagið hefur boðið uppá sögustundir fyrir Íslendinga á sumrin og ef þantað er sérstaklega þar fyrir utan. Sjálfsagt að halda því áfram og þróa það, m.a. bjóða upp þessa dagskrá fyrir útlendinga líka.
- **7.12. Sögu- og munasafn/sýningar.** Til er sýning sem var sett upp á 200 ára ártíð Móðuharðindanna. Vinna þarf að því að finna húsnæði þar sem hægt væri að setja hana upp. Kanna möguleika á að setja upp sögu og munasafn hreppsins.
- **7.13. Rannsókn fornminja.** Kanna hvort hægt sé að nota tilefni 1000 ára kristnitökuafmælis til fjáröflunar og framkvæmda. Einnig hvort það geti orðið samvinnuverkefni í tengslum við Kriuna. Klausturrústirnar hafa verið kannaðar með jarðsjá, skýrsla hefur borist, og nú þarf að skoða hver verða næstu skref. Á Þykkvabæjarklaustri eru ekki síður merkar minjar sem vert er að sýna ferðamönnum. Fleiri merkar þjóðminjar sem vert er að kanna finnast í hreppnum.
- **7.14. Kammertónleikar.** Aðsókn á tónleikana hefur aukist með hverju árinu. Þeim verður haldið áfram.
- **7.15. Kvölddagskrá fyrir ferðamenn.** Hafa tilbúna skipulagða dagskrá sem hægt er að grípa til. Þar gæti verið myndasýning, kvöldvökur, varðeldur o.fl.
- **7.16. Tónlist í kirkjunni í hádeginu,** þegar fólk er að bíða eftir að rútan fari.
- **7.17. Listsýningar í Skaftárskála.** Setja upp litlar listsýningar í skálanum.
- **7.18. Árshátíðir fyrirtækja og félaga. Ættarmót.** Kynna aðstöðu fyrir árshátíðarhald og ættarmót hér í hreppi í nágrannabyggðalögnum og víðar.

- **7.19. Kristnitökuafmælið.** Setja nefnd í að kanna með hvað hætti ætti að halda upp á afmælið hér á Kirkjubæjarklaustri. Athuga m.a. Þykkvabæjarklaustur í því sambandi. Hugmynd í gangi um að tengja afmælið klaustrinu með því að byggja eftirlíkingu klaustursins yfir starfsemi Upplýsingaþjónustunnar.
- **7.20. Aldamótin.** Fljótlega þarf að skoða með hvaða hætti haldið verður upp á aldamótin.
- **7.21. Göngur og réttir.** Hafa samvinnu við fjallskilanevndir og fjallkóna um að taka á móti ferðamönnum í göngur. Einnig ætti að undirbúa ferðir ferðamanna til að taka á móti safninu og fara svo í réttir. Kanna hvort hægt sé að festa dagsetningu réttardaga.

*Leggja áherslu á  
áhrifa afþreyingu.*

#### ***Framkvæmdaáætlun fyrir afþreyingu:***

Núverandi staða: Boðið er upp á ýmiss konar afþreyingu en enn þarf að gera hana fjölbreyttari.

Markmið: Þjóða upp á afþreyingu sem gestirnir njóta og er arðsöm fyrir gestgjafann. Lögð er áhersla á að bjóða upp á afþreyingu sem er í sátt við umhverfið.

Tilgangur: Kynna náttúru svæðisins. Skapa aukna atvinnu í héraðinu með því m.a. að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu.

Árangur: Fjölbreyttari afþreying.

Mælikvarði: Fleiri gistinætur, ánægðari ferðamenn

#### ***Verk- og tímaáætlun fyrir afþreyingu:***

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Skipulagðar ferðir	sveitarfélagið, ferðaþj.aðilar.	Ferðamálafélagið Austurleið o.fl.	'96 og áfram
Fjöruferðir	Ferðaþjónustuaðilar	sveitarfélagið	vorid '96
Páskar, hvítasunna, Jónsmessa, ýmsar aðrar upptökur	sveitarfélagið, Ferðam.fél., ferðaþjónustuaðilar	sveitarfélagið, Ferðam.fél., ferðaþjónustuaðilar o.fl.	'96 og áfram
Gönguferðir	Ferðamálafélagið.	sveitarfél., Utivist o.fl.	'96 og áfram
Sundlaug	sveitarfélagið	sveitarfélagið, hótelið, Kirkjubæjarskóli	'96?
Hestaferðir	Hestaleigur	sveitarfélagið, landeig. ferðaþjónustuaðilar	'96 og áfram
Sögu- og munasafn	sveitarfélagið	Þjóðminjasafn, Bygðasafnið Skógum	'96 og áfram
Rannsókn fornminja	sveitarfélagið	Þjóðminjasafn	'96 og áfram
Menningarviðburðir	sveitarfélagið.	Ferðaþjónustuaðilar	'96 og áfram
Árshátíðir og ættarmót	sveitarfél. og ferðaþj.aðilar		'96 og áfram
Kristnitökuafmælið og aldamótin	sveitarfélagið, Ferðamálafél..	Ferðaþj.aðilar, kirkjan o.fl.	'97 - 2000
Göngur og réttir	sveitarfélagið,	fjallskilanevndir, ferðaþj.aðilar	sumar '96 og áfram

### 8. Merkingar.

Merkja þarf fleiri gönguleiðir þannig að þær séu aðgengilegar fyrir ferðamenn, einnig reiðleiðir. Merking örnefna er meira til fróðleiks en sem leiðarlýsing og þarf að vinna slíkar merkingar af sérstakri vandvirkni og höfsemi.

- **8.1. Merking gönguleiða.** Gerð hefur verið áætlun um merkingu gönguleiða sjálfsagt er að vinna eftir henni.
- **8.2. Merking fjallvega.**
- **8.3. Merkingar húsa-, gatna og þjónustufyrirtækja á Kirkjubæjarklaustri.** Bæta þarf merkingar húsa á Kirkjubæjarklaustri, einnig vantar botnlangamerki og merkingu félagsheimils / hreppsskrifstofu og jafnvel víðar. Skoða þarf alþjóðleg merki í þessu sambandi.
- **8.4. Merking örnefni.** Unnið hefur verið í þessu. Er óþrjótandi verkefni. Rétt er að hafa hóf á slíkum merkingum og vanda til verka. Mikilvægt er að þær merkingar sem settar eru upp séu réttar.
- **8.5. Fylgjast með merkingum Þjóðminjasafnsins**
- **8.6. Útsýnisskífur.** Athuga með að setja upp útsýnisskífur t.d. við Kirkjubæjarklaustur og við Laka.

#### *Framkvæmdaáætlun fyrir merkingar:*

Núverandi staða: Þrjár gönguleiðir hafa verið merktar í nágrenni Kirkjubæjarklausturs, til er áætlun um fleiri. Einnig hafa verið merktar gönguleiðir í Lakagígum. Allir bæir í hreppnum hafa verið merktir og götur á Kirkjubæjarklaustri.

Markmið: Greinilega merktar gönguleiðir út frá Kirkjubæjarklaustri og á völdum leiðum um afreittinn.

Tilgangur: Auðvelda ferðafólki að njóta náttúru svæðisins án þess að valda skemmdum.

Árangur:

Mælikvarði: Gönguleiðir merktar samkvæmt áætlun og bættar merkingar á húsum götum og þjónustufyrirtækjum á Kirkjubæjarklaustri.

#### *Verk- og tímaáætlun fyrir merkingar:*

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Gönguleiðir	Ferðamálafélagið	Ferðamálafélagið landeigendur	'96 og áfram
Reiðleiðir	sveitarfélagið	Hestamannafél.	'96-'99
Fjallvegir	sveitarfélagið	Vegagerð	
Merking húsa, gatna, þjónustufyrirt.	sveitarfélagið	sveitarfélagið	'96
Merking örnefna	Ferðamálafélagið, sveitarfélagið	sveitarfélagið Landeigendur	sífelld
Útsýnisskífur	sveitarfélagið, landeigendur		'97-'99

### 9. Skipulag

Í aðalskipulagi kemur fram stefna sveitarfélagsins um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Sjálfsagt og nauðsynlegt er að hafa rými ferðaþjónustunnar inni í þeirri mynd.

- **9.1. Aðalskipulag.** Unnið verði að aðalskipulagi fyrir Skaftárhrepp þar sem þarfir ferðaþjónustunnar verða hafðar í huga og umhverfismál sem lúta að atvinnugreininni.

#### *Framkvæmdaáætlun fyrir skipulag:*

Núverandi staða: Deiliskipulag hefur verið unnið af Kirkjubæjarklaustri. Nauðsynlegt er að hefja vinnu að aðalskipulagi af hreppnum hið fyrsta.

Markmið: Fullunnið aðalskipulag.

Tilgangur: Kortleggja áætlun um landnotkun, umhverfismál og þróun byggðar í hreppnum.

#### *Verk- og tímaáætlun fyrir skipulag:*

Verkefni	Framkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Aðalskipulag	sveitarfélagið	Skipulag ríkisins	'99

### 10. Landslags- og náttúruvernd

Erindi flestra ferðamanna í hreppinn er að njóta náttúrulegs umhverfis, það er því mikilvægt að halda eins stórum svæðum og mögulegt er með yfirbragði ósnortinnar náttúru. Af sömu ástæðu er mikilvægt að vernda svæðin gegn átroðningi og truflun. Byggðin þarf að falla vel að umhverfinu og vera snyrtileg.

- **10.1. Náttúrulegt umhverfi.** Lögð verði áhersla á að viðhalda náttúrulegu umhverfi, eins og kostur er.
- **10.2. Burðarþol svæða.** Skoða þarf burðarþol/álagsþol svæðisins og gera ráðstafanir ef stefnir í of mikið álag. Minnka álag á viðkvæm svæði, þar sem þörf er á því og stjórna nýtingu náttúruauðlinda með tilliti til þols svæðanna. Dreifa umferð sem víðast um hreppinn og hafa samstarf um það við landeigendur og umráðamenn lands.
- **10.3. Dýralíf.** Gæta þess að dýralíf raskist sem minnst vegna umferðar ferðamanna.
- **10.4. Gróðurlendi.** Vernda viðkvæm gróðursvæði með því m.a. að skipuleggja ferðaleiðir.
- **10.5. Landvarsla.** Auka þarf landvörslu, einkum á friðuðum svæðum.
- **10.6. Mannvirkjagerð.** Gæta þarf þess að mannvirki falli vel að umhverfinu.
- **10.7. Umgengni.** Umhverfinu skal halda snyrtilegu, halda mannvirkjum vel við, skilja ekki eftir sorp og rusl á víðavangi o.þ.h.

***Framkvæmdaáætlun fyrir landslags- og náttúruvernd:***

Núverandi staða: Mikil náttúrufegurð er einkenni hreppsins. Snyrtimennska ríkir á flestum bæjum en bæta þyrfti umgengni á nokkrum öðrum. Engin landvarsla hefur verið á friðuðum svæðum í hreppnum.

Markmið: Að vernda náttúruna og að sveitarfélagið hafi yfirbragð snyrtimennsku

Tilgangur: Viðhalda fegurð svæðisins

Árangur: Allir íbúar hreppsins, sem og gestir, kappkosti góða umgengni.

Mælikvarði: Umgengni íbúa og gesta.

***Verk- og tímaáætlun fyrir landslags- og náttúruvernd:***

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Mannvirkjagerð	sveitarfélagið, húsbyggjendur	sveitarfél., húsbyggjendur	Sífelld
Eftirlit með landi	sveitarfélagið, landeigendur	sveitarfél., landeigendur	Sífelld
Landvarsla	sveitarfélagið	Náttúruv. ráð	sumar '96 og áfram

***11. Orkumál:***

Umtalsverð orka er notuð í ferðapjónustu, bæði í flutningum og við þjónustu. Það er því rekstrarlega hagkvæmt að fara sparlega með hana og mikilvægt vegna umhverfissjónarmiða. Leggja þarf áherslu á að nota eins umhverfissvæna orkugjafa og mögulegt er. Mikilvægt er að nota innlenda orkugjafa þar sem því verður við komið. Raforkuframleiðsla getur verið í beinni samkeppni við ferðapjónustuna um landnotkun. Við framleiðslu umhverfissvæna orkugjafa er m.a. tekið tillit til landslags- og náttúruverndar

- **11.1. Orkusparnaður.** Hvetja þjónustuaðila og ferðamenn til að spara orku.
- **11.2. Raforkuverð.** Mikið hagsmunamál varðandi allan rekstur á landsbyggðinni er að rafmagnsverð lækki í dreifbýlinu.

***Framkvæmdaáætlun fyrir orkumál:***

Núverandi staða: Raforkuverð á landsbyggðinni er mjög hátt og veldur mikilum rekstrarkostnaði í ferðapjónustu. Gestir hafa lítið verið hvattir til að spara rafmagn.

Markmið: Minni orkunotkun og möguleikar á að nota umhverfissvæna orku.

Tilgangur: Að spara orku til þess að minnka rekstrarkostnað og vegna umhverfissjónarmiða.

Árangur: Fá rafmagnsverð lækkað.

Mælikvarði: Orkukostnaður og orkunotkun.

***Verk- og tímaáætlun fyrir orkumál:***

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Orkukostnaðar	ferðabj. aðilar	sveitarfélagið. Rafmagnsveitur ríkisins	Sífelld
Orkusparnaður	sveitarfélagið, ferðabj. aðilar	ferðamenn	Sífelld

### 12. Úrgangs- og fráveitumál:

Ferðapjónustan eykur allan úrgang á svæðinu og ber því atvinnugreininni að axla ábyrgð sína. Það er einnig í þágu ferðapjónustunnar að þessum málum sé vel fyrir komið vegna þess að gestirnir eru oft mjög meðvitaðir um umhverfismál. Stefna þarf að því að úrgangur verði sem minnstur og honum verði fargað á þann hátt að umhverfið beri ekki skaða af.

- **12.1. Fráveita.** Stefnt skal að því að fráveitumál verði komið í viðunandi ástand í öllum hreppnum sem fyrst.
  - Stefna að því að fækka hefðbundnum kömrum en nota rotþrær þess í stað þar sem því verður við komið.
  - Finna þarf leið til að farga úrgangi undan kömrum á viðunandi hátt.
  - Atvinnufyrirtæki verði hvött til að bæta frárennismál sín þar sem þess er þörf.
- **12.2. Sorpförgun.** Leysa sorpförgunarmál sveitarinnar sem allra fyrst. Taka upp frekari flokkun sorps. Jarðgera það lífræna í safnhaug, endurnýta það sem hægt er, farga því sem eftir er á viðunandi hátt. Ef farið verður út í starfrækslu sorporkustöðvar þarf að huga rækilega að hættu á lyktar- reykmenngun í nágrenni hennar.

### *Framkvæmdaáætlun fyrir úrgangs- og fráveitumál:*

Núverandi staða: Á vegum átaksins Hreint Suðurland var ástand frárennismála í hreppnum kannað ('95). Nokkuð víða er þörf úrbóta ekki síst við sveitabæi. Sorphirðing er á vegum hreppsins á Kirkjubæjarklaustri, en aðrir farga sínu sorpi sjálfir. Um áramót '95-'96 tók gildi bann við brennslu sorps við opinn eld. Nú er sorpbrennsla starfrækt á undanþágu, en unnið er að varanlegri lausn sorpförgunnar.

Markmið: Að úrgangur verði sem minnstur og honum verði fargað á þann hátt að umhverfið beri ekki skaða af.

Tilgangur: Bæta yfirbragð svæðisins og minnka álag sem verður á umhverfið vegna ferðapjónustunnar eins og kostur er.

Árangur: Sorp- og frárennismálum í hreppnum verði komið í lag.

### *Verk- og tímaáætlun fyrir úrgangs- og fráveitumál:*

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Fráveita	sveitarfélagið	ábúendur jarða	'96 - '99
Sorpförgun	sveitarfélagið	sveitarfélagið, íbúar, e.t.v. nágrennasveitarfélögin	'96 - '98

### **13. Notkun umbúða og rekstrarvara:**

Athuga þarf hvort ekki megi, með smáhagræðingu, spara umtalsvert með hóflegri notkun umbúða og rekstrarvara. Við það dregur úr því álagi sem ferðabjónustan leggur á umhverfið.

- **13.1. Heimaunnar vörur.** Áfram verði lögð áhersla á að matvæli og aðrar rekstrarvörur séu sem mest frá heimaaðilum m.a. vegna atvinnutækifæra á svæðinu og orkunotkunar við flutninga.
- **13.2. Hreinlætis- og ræstivörur.** Hvetja til hóflegri notkun hreinlætis- og ræstivara og nota umhverfisvænar vörur.
- **13.3. Umbúðir.** Minnka notkun umbúða og forðast notkun einnota borðbúnaðar. Haga innkaupum á þann hátt að úrgangur verði sem minnstur; t.d með því að kaupa vörur í stórum pakkningum.
- **13.4. Pappír.** Nota sem minnstan pappír og enduruninn þegar þess er kostur. Stefna að því að safna pappír til endurvinnslu.

### ***Framkvæmdaáætlun vegna notkunar umbúða og rekstrarvara:***

Núverandi staða: Töluvert hefur verið gert af því að bjóða upp á matvæli sem unnin eru á svæðinu, en áfram þarf að vinna að því. Notkun hreinlætis- og ræstivara er óþarflega mikil, með því að minnka notkunina er hægt að spara fjármagn og minnka álag á náttúruna.

Markmið: Minnka notkun umbúða og rekstrarvara

Tilgangur: Minnka það álag sem verður á náttúruna vegna ferðabjónustunnar.

### ***Verk- og tímaáætlun vegna notkunar umbúða og rekstrarvara:***

<b>Verkefni</b>	<b>Frumkvæði</b>	<b>Framkvæmd / samvinna</b>	<b>Hvenær?</b>
Heimaunnar vörur	Ferðabjónustuaðilar	Ferðabjónustuaðilar	Sífelld
Hreinlætis- og ræstivörur	Ferðabjónustuaðilar	Ferðabjónustuaðilar	Sífelld
Umbúðir	Ferðabjónustuaðilar	Ferðabjónustuaðilar	Sífelld
Pappír	Ferðabjónustuaðilar	Ferðabjónustuaðilar	Sífelld

#### 14. Hreinlætis- og hollustuhættir:

Mikilvægt er að fylgjast stöðugt með heilbrigðis- og hollustuháttum í ferðaþjónustunni.

- **14.1. Matvæli.** Hvatt er til að matseðlar séu ákveðnir með tilliti til fjölbreytni og hollustu, sérrettir svæðisins séu hafðir sérstaklega í huga og sem mest sé notað af hráefni af svæðinu.
- **14.2. Neysluvatn.** Neysluvatn sé ávallt í góðu lagi og vottað af heilbrigðisyfirvöldum.
- **14.3. Reyklaus svæði.** Gera ráð fyrir reyklausu svæði í veitingasölum og reyklausum gistiherbergjum.

#### *Framkvæmdaáætlun vegna hreinlætis- og hollustuhátta:*

Núverandi staða: Svæðið á sína sérstöku hefð í mataræði, sem rétt er að hampa þegar tekið er á móti ferðamönnum. Átakið Hreint Suðurland sýndi fram á að ástand neysluvatns er í góðu lagi hér í hreppi, með örfáum undantekningum þó. Á gisti- og veitingastöðum er yfirleitt séð til þess að vernda rétt þeirra sem vilja vera án reyks.

Markmið: Stefnit skal að því að snyrtimennska verði í hvítetna höfð í fyrirrúmi í ferðaþjónustu.

Tilgangur: Að skapa heimamönnum og gestum heilbriggt umhverfi.

Árangur: Matvæli framleidd á svæðinu séu ávallt á boðstólum fyrir ferðamenn. Neysluvatn sé alltaf í góðu lagi.

Mælikvarði:

#### *Verk- og tímaáætlun vegna hreinlætis- og hollustuhátta:*

Verkefni	Frumkvæði	Framkvæmd / samvinna	Hvenær?
Matvæli	Ferðaþjónustuaðilar	Ferðaþjónustuaðilar	Sífelld
Neysluvatn	sveitarfélagið, Ferðaþj.aðilar	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Sífelld
Reyklaus svæði	Ferðaþjónustuaðilar	Ferðaþjónustuaðilar	Sífelld



## *VI. Niðurstöður og samantekt*

Þessi skýrsla er unnin á þann hátt að allir íbúar Skaftárhrepps sem telja sig eitthvað hafa um málið að segja hafa haft tækifæri til að tjá sig. Með því móti hefur náðst eins mikil sátt um stefnumótunina og kostur er. Skýrslan er sett fram á aðgengilegan hátt og vonast er til að hún sé góð sem handbók til notkunar við vinnu að áframhaldandi þróun ferðaþjónustu í Skaftárhreppi.

Í ferðaþjónustu er mikilvægt að hafa sífellt eins góða yfirsýn yfir markaðinn og mögulegt er. Kannanir og annars konar upplýsingaöflun þarf því stöðugt að vera í gangi. Horfur eru á að gerð verði könnun á ferðum bæði Íslendinga og útlendinga um landið næsta sumar á vegum Ferðamálasamtaka Íslands. Sú könnun ætti að nýtast þessu svæði að verulegu leyti, en auk þess er ætlunin að leggja viðhorfskönnun fyrir gesti Skaftárhrepps næsta sumar.

Næstu árin mun tvímælalaust verða lögð mesta áhersla á markaðssetningu og frekari uppbyggingu afþreyingu. Með því er vænst lengri dvalar ferðamanna og arðmeiri rekstrar í atvinnugreininni. Markaðsetning er kostnaðarsöm og ekki síður uppbygging afþreyingu og líklega verður nauðsynlegt að leita eftir styrkjum úr opinberum sjóðum og eftir öðrum leiðum. Það fjármagn ætti að skila sér því að héraðið hefur allt að bjóða sem einkennir gott ferðamannasvæði.

Kirkjubæjarklaustri í maí 1996